

Nd.

818. Lög

um gjaldfrest bænda.

(Afgreidd frá Nd. 31. maí).

1. gr.

Þeir, sem landbúnað hafa að aðalatvinnu, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1932. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanevnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefni formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina 2. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanevndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanevndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem lög þessi heimila. Beiðninni skal fylgja:

- a) Afrit af síðustu skattskýrslu.
- b) Skrá yfir ábyrgðir beiðanda.
- c) Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum skuldunauts síðan skattskýrsla var gefin.
- d) Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar og vaxtakjör.

4. gr.

Nú hefir skilanevnd horizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hún þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, enda er aðför gegn skuldunaut og ábyrgðarmönnum hans óheimil fyrir þeim skuldum, sem lög þessi ná til, þar til úrskurður skilanevndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur skuldunaut eða ábyrgðarmönnum hans, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd.

5. gr.

Skilanevnd skal, svo fljótt sem ástæður leyfa, taka gjaldfrestsbeiðni til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanevnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem skuldunautur er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanevnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanevndir.

6. gr.

Þegar skilanevnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanevnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki 3 skilanevndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig skuldunaut, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest til handa skuldunaut. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur skuldunautur eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnuáráðuneytisins, og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.
2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.
3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
 - a) Á fasteignum gildandi fasteignamat.
 - b) Á bústofni, búshlutum, hátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts 3 síðustu árin.
 - c) Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að álitum hennar,

Nú telur skilanefnd, að skuldunautur falli ekki undir ákvæði 10. gr., og getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða skuldunaut lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánnum.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að skuldunautur hefir skýrt skilanevnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

15. gr.

Nú sannast það, að skuldunautur notar frest, sem hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna, og getur þá skilanevnd ógilt þær ráðstafanir hans, enda skal hún hafa gert það innan fjöggra mánaða frá því að þær voru gerðar.

Auk þess skal skilanevnd þá svipta skuldunaut þeirri vernd, er hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlaun þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 200000 kr., til greiðslu á þeim, ef ekki er til þess veitt fé í fjárlögum. Þetta lán telst veitt þeim skuldunautum, sem greiðslufrest fengu, er tryggt með lögveði næst á eftir þeirri skuld, sem afborgunin er hluti af, og endurgreiðist ríkissjóði á þann hátt og með þeim vöxtum, að ríkissjóður sé skaðlaus af.

Nú lenda aðrar lánsstofnanir, þar með talin verzlunarfyrirtæki, svo sem kaupfélög og kaupmenn, í greiðsluörðugleikum, að öllu eða nokkru leyti vegna ákvæða þessara laga, og verða bú þeirra þá ekki tekin til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum meðan lög þessi eru í gildi, ef skattframtöl þeirra eða efnahagsreikningar sýna, að þau eða þeir eigi fyrir skuldum.

Ákvæði laga þessara um gjaldfrest taka eigi til skulda, er stafa af ógreiddum verkakaupi eða ógreiddum aflahlut.

17. gr.

Timabilið frá afhendingu gjaldfrestsbeiðnar til loka hins úrskurðaða frests telst ekki með fyrningartíma skuldar né víxilréttar.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr rikissjóði, en að hálfu úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1933.